

Sóknarpresti svarað

Eftir Braga Guðbrandsson

Sú var tíðin að ritstjórn Morgunblaðsins sá til þess að aðsendar greinar þar sem fjallað var um viðkvæm einkamál er vörðuðu börn, t.d. í barnaverndar- eða forsjármálum, fengust ekki birtar enda í blóra við rétt barnsins til friðhelgi einkalífs.

Undanfarið hefur blaðið því miður kosið að birta nokkrar greinar eftir Arndísi Ósk Hauksdóttur sóknarprest, síðast 17. janúar sl., þar sem fjallað er um langvarandi og harðvítuga forsjárdeilu. Stappar nærri að föður barnanna sem fer með forsjá þeirra, sé lýst í þessum greinaskrifum sem barnaniðingi, sem ítrekað hefur brotið á rétti barnanna og beitt þau margvíslegu ofbeldi. Skiptir þá engu að Hæstiréttur hafi dæmt hlíðstæð ummæli ærumeiðandi og ómerkt þau, sbr. dóm Hæstaréttar frá 31. maí 2012.

Fyrir þá sem ekki vita hefur alþjóðasamfélagið komið sér saman um reglur um málsmeðferð þegar foreldrar af ólíku þjóðerni slíta samvistum og ágreiningur rís um forsjá



Bragi Guðbrandsson

barna, sbr. Haag-samninginn frá 1980. Samkvæmt reglum ber dómstólum í því ríki þar sem viðkomandi fjölskylda á lögheimili að ráða slíkum ágreiningi til lykta. Hliti annað foreldrið ekki þessari reglu og taki málin í eigin hendur með ólögum hætti á hitt foreldrið lögvarinn rétt á að fá börn sín afhent með

fulltingi yfirvalda. Þannig fór í umræddu máli að íslensk móðir nam börn sín ítrekað á brott, bæði fyrir og á meðan málsmeðferð danskra dómstóla stóð yfir og einnig í kjölfar niðurstöðu áfrýjunardómstóls sem kveðið hafði á um sameiginlega forsjá.

Umrætt forsjármál og mál því tengd voru til meðferðar hjá dómstólum á báðum dómstigi á Íslandi og í Danmörku á síðustu árum. Undir rekstri þessara mála, sem og opinberlega, bar móðirin jafnan alvarlegar sakir á föður barnanna um ítrekað líkamlegt og jafnvel kynferðislegt ofbeldi gegn börnunum. Samtals hafa verið felldir átta úrskurðir í tveimur löndum í þessum dómsmálum en í engum

þeirra er fallist á málflutning móður um meint ofbeldi föður gegn börnunum. Dómarnir í forsjármálinu eru studdir niðurstöðum dómkvaddra sérfræðinga sem m.a. hafa ítrekað rétt við börnin sem um ræðir. Í síðasta dómi er sérstaklega fjallað um þau lækisfræðilegu gögn sem Arndís gerir að umtalsefni. Dómurinn taldi ekki að þessi gögn færðu sönnur á ofbeldi gegn börnunum af hálfu föður og dæmdi honum óskoraða forsjá barnanna. Var sú niðurstaða staðfest í yfirrétti við áfrýjun málsins.

Tílefni nýjustu skrifa Arndísar er að krefjast afsagnar forstjóra Barnaverndarstofu með þeim rökum að hann hafi ekki farið að lögum. Barnaverndarstofa hafi hafnað kröfum um að meint ofbeldi á börnunum yrði rannsakað í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga jafnframt því að láta undir höfuð leggjast að grípa til ráðstafana til að tryggja öryggi barnanna með því að hindra að börnin væru send úr landi.

Í lögum er ekki að finna heimildir til þess að íslensk barnaverndaryfirvöld geti gripið inn í ferli sem varðar úrlausn forsjármáls eða ákvarðana er lúta að framkvæmd Haag-samningsins. Í réttarríki ber mönnum að fara að lögum og í því felst m.a. að lúta lögum um

» Margir virðast reidubúnir að sniðganga grundvallarreglur réttarríkisins og kalla eftir ólögum geðþóttaákvörðunum embættismanna þegar svo ber undir.

skurðum dómstóla. Barnaverndarstarfsmenn geta ekki látið mál til sín taka af geðþótta og án lagaheimilda, jafnvel þótt þeir hafi ríka samúð með þeim sem hlut eiga að máli. Fráleitt er að halda því fram að Barnaverndarstofa hafi átt að koma í veg fyrir aðfarargerð sýslumanns í samræmi við ákvörðun íslenskra dómstóla þar að lúandi. Jafnvel enn fráleitara er að láta sér detta í hug að það sé á valdi embættismanns, hvort heldur er ráðherra eða forstjóra ríkisstofnunar, að grípa til ákvarðana sem ógilda dómsúrlausnir íslenskra og/eða danskra dómstóla.

Barnaverndarnefndir hafa skyldu til að bregðast við leiki grunur á um að börn hér á landi sæti illri meðferð samkvæmt barnaverndarlögum. Í því máli sem um ræðir

hefur móðir haldið því fram að faðir hafi beitt börnin ofbeldi í Danmörku. Það er því skylda barnaverndaryfirvalda í Danmörku, og þarlendrar lögreglu eftir atvikum, að rannsaka þær ásakanir og að bregðast við með viðeigandi hætti. Öllum hlýtur að vera ljóst að barnavernd á Íslandi hefur hvorki lög sögu né valdheimildir í málum þegar meintur brotavettvangur er á erlendri grundu og meintur gerandi er erlendir ríkisborgari sem býr í öðru sjálfstæðu ríki.

Það er út af fyrir sig íhugunarefni hvað fólk er reidubúið að sniðganga grundvallarreglur réttarríkisins og kalla eftir ólögum geðþóttaákvörðunum stjórn mála- og embættismanna þegar svo ber undir. Og ekki ristir skilningur á rétti barnsins djúpt þegar menn leyfa sé að gera raunir ungra barna og einkalíf að almenningseign, eða trúá menn því virkilega að skríf af þessum toga geti komið börnunum til góða? Hafa menn leitt hugann að því hvernig börnum kunni að líða með það í nútíð og framtíð að fólk fjalli um föður þeirra og forsjáraðila eins og gert hefur verið á opinberum vettvangi í þessu máli?

Höfundur er forstjóri Barnaverndarstofu.

